

Ed. 617. Frumvarp til laga [285. mál]
um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Egill Jónsson.

1. gr.

Tollur af neðangreindum tollskrárnúmerum falli niður:

84.24.10	Plógar.
84.24.20	Áburðardreifingar.
84.24.31	Herfi.
84.24.39	Aðrar jarðvinnsluvélar.
84.24.40	Aðrar jarðvinnsluvélar.
84.25.20	Uppskeru- og þreskivélar.
84.25.31	Sláttuvélar.
84.25.32	Upptökuvélar fyrir garðávexti.
84.25.33	Rakstrar- og snúningsvélar.
84.25.39	Aðrar uppskeruvélar.
84.25.41	Flokkunaryélar.
84.25.49	Hreinsunaryélar.
84.26.10	Mjaltavélar.
84.27.10	Pressur.
84.28.10	Aðrar vélar til landbúnaðar.

87.01.31	Hjóladráttarvélar.
87.14.21	Heyvagnar.
87.14.22	Áburðardreifivagnar.
87.14.23	Heyvinnsluvagnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á ýmsar vélar og tæki, sem notuð eru í landbúnaði, er enn lagður nokkur tollur. Er sú stefna í mótsögn við þá tollastefnu sem reynt er að fylgja gagnvart atvinnuvegunum, að undanþiggja helstu fjárfestingarvörur þeirra aðflutningsgjöldum.

Íslenskur landbúnaður býr að vísu einungis við óverulega erlenda samkeppni. Engu að síður eru framleiðsluvörur hans stór þáttur í innlendri neyslu og framfærslukostnaði. Því er æskilegt að framleiðsluvörur landbúnaðarins séu sem ódýrastar í framleiðslu. Er sú leið mun æskilegri að fella niður gjöld af framleiðslunni en greiða niður verð á endanlegum framleiðsluvörum. Auk þess draga gjöld af vélum og tækjum úr tækjavæðingu og auka fjármagnskostnað. Vegna lágra aðflutningsgjalda eru þessi áhrif þó ekki mjög sterk.

Pótt tekjutap ríkissjóðs sé óverulegt af þessari niðurfellingu er hér gerð grein fyrir áhrifum hennar miðað við innflutning á síðasta ári:

Tollskrárnúmer	Tollur í %	Cif-verð í þús. kr.	Tollfjárhæð í þús. kr.
84.24.10	2	244	4.0
84.24.20	2	2 393	47.9
84.24.31	2	187	3.7
84.24.39	2	649	13.0
84.24.40	2	112	2.2
84.25.20	2	0	0
84.25.31	2	3 070	61.4
84.25.32	2	645	12.9
84.25.33	2	5 054	101.1
84.25.39	2	4 155	83.1
84.25.41	2	106	2.1
84.25.49	2	110	2.2
84.26.10	2	297	5.9
84.27.10	7	0	0
84.28.10	4	2 747	54.9
87.01.31	2	17 420	348.4
87.14.21	2	4 349	87.0
87.14.22	2	668	13.4
87.14.23	2	56	1.1
		42 262	844.3

Hér er tilgreint tekjutap vegna lægri tolltekna, en á móti koma að sjálfsgöðu lægri útgjöld vegna niðurgreiðslna, þannig að áhrif á fjárhag ríkissjóðs ættu að vera óveruleg, en mjög jákvæð fyrir landbúnaðinn og neytendur.